

Alþingi
Erindi nr. P 133/314
komudagur 27.11.2006

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



ÁLYKTANIR

22. AÐALFUNDAR

**LANDSSAMBANDS
SMÁBÁTÆIGENDA**

26. og 27. október 2006



22. aðalfundur Landssambands smábátæigenda

haldinn í Reykjavík 26. og 27. október 2006

Samþykktir fundarins

Aðalályktun – samþykkt í lok fundar

22. aðalfundur Landssambands smábátæigenda fagnar þeirri langþráðu breytingu sem varð á gengi íslensku krónunnar á árinu 2006. Rekstrarumhverfi sjávarútvegsins hefur gerbreyst til hins betra og ekki hvað síst hjá smábátaflotanum. Þá er það ekki síður ánægjulegt að veiðar smábátaflotans hafa sjaldan gengið betur, sem stingur algerlega í stúf við kolsvartar skýrslur Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand þorsstofnsins.

Fundurinn telur brýna nauðsyn að Hafrannsóknastofnun endurskoði í heild sinni þá aðferðafræði sem hún notar við stofnstærðamælingar, sem og samvinnu sína við veiðimenn. Smábátaflotinn telur hundruðir báta sem með nýjustu staðsetningar- og upplýsingatækni leggja nánast alla daga ársins í gríðarlegan gagnagrunn um dreifingu fisks, þéttleika, hitafar og fleira. Þá hafa afladagbækur verið færðar til margra ára, en hvað af þeim verður eftir að þær eru komnar í hendur stofnunarinnar er með öllu óljóst. Það er sannfæring fundarins að útúr öllum þessum upplýsingagrunni má auðveldlega lesa að stórkostleg brotalöm er á stofnstærðarmælingum Hafrannsóknastofnunar.

Til fjölda ára hafa aðalfundir LS hvatt stjórnvöld til að leyfa á ný hvalveiðar í atvinnuskyni. Nú eru þær orðnar að veruleika og 22. aðalfundur LS lýsir fullum stuðningi við þá ákvörðun. Í ljósi fréttáflutnings bæði af innlendum og erlendum vettvangi í kjölfar þess að veiðarnar hófust, vill fundurinn hvetja stjórnvöld til að nota tímann vel fram að hvalveiðivertíðinni 2007 og vopna þau íslensku fyrirtæki hérlendis sem erlendis með skýrum og greinargóðum upplýsingum varðandi þetta mál.

Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að Íslendingar vilja vera til fyrirmyndar við nýtingu auðlinda sjávar og það er einmitt á þeim forsendum sem kaupendur fiskafurða hérlendis frá geta gert sívaxandi kröfur um gæði, tegundir veiðarfæra og rekjanleika afurða. Og þeim fer sífjölgaði sem líta sérstaklega til íslenska smábátaflotans í þessu sambandi. Sú staðreynd ætti að vera stjórnvöldum hvatning til að viðhalda og efla fyrirkomulag á borð við línuívilnun og eins og LS hefur áður bent á, ætti hliðstæð ívilnun að vera fyrir hendi þar sem verðmæti afurðanna er margfaldað – t.d. þar sem



annars vegar er unnið til mannelis en hins vegar í skepnufóður.

Undanfarin misseri hefur smábátum fækkað verulega og stórir og öflugir bátar veiða sífellt hærra hlutfall aflaheimilda smábátaflotans. Þá blasir við sú staðreynd eftir að sóknardagakerfi smábáta var lagt af, að handfæraveiðar hafa stórlega dregist saman. 22. aðalfundur Landssambands smábátæigenda skorar á stjórnvöld að leita leiða, í samvinnu við LS, með að markmiði að hefja handfæraveiðar á ný til vegs og virðingar.

Smábátaútgerðin er hluti af mannlífi og menningu íslensku þjóðarinnar. Sérkenni hennar og hlutverk ber að varðveita á sama tíma og henni er gert kleift að mæta ströngustu kröfum nútímans um gæði fiskafurða og ábyrgar fiskveiðar.

Í nýgerðri kvikmynd um íslenska trillukarla eru lokaorðin þessi: „ódyrasta byggðastefna stjórnvalda er öflug smábátaútgerð“. 22. aðalfundur Landssambands smábátæigenda gerir þau að sínum.

Línuívilnun

22. aðalfundur LS

samþykkir að

- LS beiti sér af alefli fyrir því að lög um línuívilnun verði lagfærð þannig að allir dagróðrabátar sem róa með línu njóti línuívilnunar án tillits til þess hvernig línan er beitt, þó að hámarki 400 þorskígildi fyrir hvern róðrardag. LS telur óeðlilegt að stjórnvöld stjórni því með beinum hætti hvernig menn beita sína línu. LS leggur til að 3 manna nefnd verði skipuð til viðræðna við sjávarútvegsráðherra um málið.
- LS fari fram á að línuívilnun í þorski verði 20% í stað 16%, þar sem ekki hefur náðst að nýta þær heimildir sem ráðstafað er til línuívilnunar í þorski.

Slægingarstuðull verði óbreyttur

22. aðalfundur LS

- mótmælir harðlega öllum framkomnum hugmyndum um breytingar á slægingarstuðlum svo og framkvæmd reglugerðar nr. 224, 14. mars 2006 um vigtun og skráningu sjávarafla.



Byggðakvóti

- leggur til að byggðakvóti verði óbreyttur, en úthlutunarreglur færðar til betra horfs, svo ekki verði misræmi milli útgerða á sama stað.

22. aðalfundur LS

Samræma reglur um togveiðar

- skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta reglum varðandi togveiðar þannig að sömu reglur gildi um hafsvæðið suðvestur af landinu og Faxaflóa og eru í gildi út af Vestfjörðum og Norðurlandi.

Greinargerð.

Engin fiskifræðileg rök eru fyrir því að í lagi sé að leyfa togveiðar í þriggja sjómílna fjarlægð frá stórstraumsfjöruborði út af Suðvesturlandi, meðan viðmiðunin er 12 sjómíllur út af Vestfjörðum og Norðurlandi. Fiskifræðingar hafa ekki sýnt nein rök fyrir slíku. Hvergi hefur þorskveiði dregist eins saman og út af Suðvesturlandi, þrátt fyrir aukna sókn.

Togveiðar verði óheimilar út af Sandgerði og suður af Grindavík

- ítrekar fyrri ályktanir um varanlega lokun á togveiðar á svæði út af Sandgerði og suður af Grindavík.

Banna á togveiðar á hrygningarsvæðum síldar

skorar á sjávarútvegsráðherra að banna togveiðar á hrygningarsvæðum síldar úti fyrir Suð-Austurlandi, nánar tiltekið á Papagrunni, Stokksnesgrunni og Mýrargrunni, á meðan rannsóknir fara fram á skaðsemi togveiðarfæra á hrygningu síldarinnar.

Botnvörpuna út fyrir 12 mílur frá Hornbjargi að Skaga

- skorar á stjórnvöld að breyta fiskveiðilandhelginni, þannig að miðað verði við 12 mílna landhelgislínu við veiðar með botnvörpu á svæðinu frá Hornbjargi að Skaga.

Flotrollsveiðar á loðnu og síld verði óheimilar

- skorar á sjávarútvegsráðherra að banna flottroll við veiðar á loðnu og síld þar til að Hafrannsóknastofnun setur fram sannanir um að þær séu ekki skaðlegar vistkerfinu.



Dregið verði úr loðnuveiðum

- skorar á hæstvirtan sjávarútvegsráðherra og háttvirt Alþingi að draga mjög verulega úr loðnuveiðum í og utan íslensku efnahagslögsögunnar. Sér í lagi að öllum sumar- og haustveiðum verði hætt. Einnig lítur fundurinn svo á að til framtíðar litið verði loðnuveiðar aðeins stundaðar til manneldis, beituöflunar og fiskeldis.

Settar verði reglur um skötuselsnet

- leggur til að settar verði reglur um skötuselsnet, þar má telja fjölda neta á bát og veiðisvæði.

Línubeitningaskip stærri en 100 brl útfyrir 6 mílur

- skorar á sjávarútvegsráðherra að setja bann við veiðum skipa yfir 100 brl sem eru með línubeitningavélar, innan 6 mílna landhelgi.

Stærri skip fjær landi við Austurland

- skorar á sjávarútvegsráðherra að knýja fram breytingar á lögum um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997, 127/1997 þar sem skipum samkvæmt flokki 2 og 3 (skip lengri en 29 m en styttri en 42 m með aflvísi lægri en 2500 og skip styttri en 29 m með lægri aflvísi en 1600) eru heimilaðar veiðar „allt árið utan línu sem dregin er 6 sjómílur utan viðmiðunarlínu milli lína réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms 13. 65°30'5N 13°36'3V)“. Í stað „réttvísandi austur frá Glettinganesi“ komi réttvísandi austur frá Ósafles 65°37'5N 13°54'6V en áfram verði miðað við viðmiðunarlínu milli vms 10 og 13 (12 sml. frá þeim punkti sem línurnar skerast).

Greinargerð.

Svæðið sem um ræðir hefur verið stundað af ífiskskipum á undan förnunum áratugum og hefur verið sæmileg sátt á milli veiðarfæra en nú er orðin veruleg breyting þar á sem skipstjórnarmenn togskipa hóta að draga trollið yfir línu verði lagt á svæðið. Af þeim sökum sjáum við okkur knúna til fara fram á að viðmiðunarlínan verði færð norðar.

Meint skaðsemi dragnótaveiða á sandsíli

- skorar á stjórnvöld að láta kanna skaðsemi dragnótaveiða á sandsílisstofninn.



Dragnótaveiðar í Faxaflóa í fyrra horf

- mótmaelir breytingum á heimildum dragnótabáta í Faxaflóa og krefst þess að þær verði teknar til baka.

Skipum stærri en 50 tonn verði óheimilar dragnótaveiðar inn á flóum og fjörðum

- skorar á sjávarútvegsráðherra að loka nú þegar á veiðar dragnótabáta yfir 50 tonn, inn á flóum og fjörðum.

Dragnótaveiðar verði bannaðar í innanverðum Skagafirði

- ítrekar fyrri ályktanir varðandi bann við dragnótaveiðum á Skagafirði. Lína verði dregin úr Ásnefi úr norðurenda Drangeyjar í norðurenda Málmeyjar.

Krókaaflamarksbátum verði heimilaðar gildruveiðar

- ítrekar tillögur frá síðasta aðalfundi um að krókaaflamarksbátar fái að nota gildirur við veiðar á beitukóngi og þorski til áframeldis.

Allar veiðar bannaðar á afmörkuðu svæði í norðanverðum Breiðafirði

- krefst þess að línureglugerðarhólfið í norðanverðum Breiðafirði verði lokað fyrir öllum veiðarfærum. +

Keiluhólf verði opnað fyrir línuveiðum

- skorar á sjávarútvegsráðherra að opna fyrir línuveiðum, reglugerðarhólf á Mýrargrunni, svokallað Keiluhólf.

Frekari rannsóknir vegna seiðaveiða og veiða á smáfiski

- krefst þess að gerðar verði frekari rannsóknir á hugsanlegri skaðsemi seiðaveiða og veiða á smáfiski til áframeldis með rækjutrolli í Ísafjarðardjúpi.

Athugasemd við netaveiðar

- samþykkir að LS geri athugasemd við hvernig staðið var að breytingu á heimildum netabáta til að veiða innan línu Göltur – Þormóðssker.

Veiðar við sæstrengi, ljósleiðar og vatnsleiðslur

- krefst þess að bann við veiðum við sæstrengi, ljósleiðara og vatnsleiðslur innan Eyja verði eins og almennt er, þ.e. 200 metrar frá streng.

Handfæraívilnun

- leggur til að tekin verði upp handfæraívilnun.

Porskkvótinn í 250 þúsund tonn

- skorar á sjávarútvegsráðherra að auka þorskkvótann í 250 þúsund tonn.

Ekki verði hreyft við stærðarmörkum krókaaflamarksbáta

- skorar á stjórnvöld að kvika hvergi frá stefnu sinni varðandi stærð og veiðarfæri krókaaflamarksbáta þ.e.a.s. að aflahlutdeild báta í krókaaflamarkskerfi verði veidd á króka og að stærð báta sem komin er upp undir þanmörk verði ekki aukin og þannig látið undan þrýstingi bátasmiðja og einstakra útgerða um stækkun báta í kerfinu.

Kvótapakíð

- fagnar setningu laga á síðastliðnu sumri um hámarkseign einstakra útgerða í krókaaflamarkskerfinu, en harnar jafnframt að ekki skyldi vera farið eftir tillögum stjórnar LS í málinu. (3% í öllum tegundum og tíu ára aðlögun fyrir þá sem væru fyrir ofan mörkin þegar löggin tækju gildi).

Samþjöppun og fækkun einstaklingsútgerða áhyggjuefni

- lýsir þungum áhyggjum af þeirri miklu samþjöppun sem orðin er í krókaaflamarki og fækkun einstaklingsútgerða. Nýliðun í greininni er nánast útilokuð við óbreytt ástand, sem veldur mikilli hættu á að sumar minni sjávarbyggðir leggist af. Fundurinn leggur til að núverandi frelsi almennings til handfæraveiða verði útvíkkað og endurskoðað.

Kjarasamningar

- veitir Landssambandi smábátæigenda umboð til að leita eftir samningum um kaup og kjör á smábátum fyrir hönd félagsmanna sinna, sem yrðu lagðir fyrir aðildarfélög, til afgreiðslu.

Auknum álögum mótmælt

- mótmælir auknum álögum á smábátaútgerð og óskar þess að LS standi enn frekar að lækkun kostnaðar við eftirlitsþátt við skoðun á smábátum.

Auðlindina aftur á dagskrá

- lýsir yfir sárum söknuði eftir útvarpsþættinum „Auðlindinni“ og skorar á Ríkisútvarpið að endurvekja þann góða þátt hið snarasta.



Fyrirhugað þorskeldi í Hvalfirði í umhverfismat

- tekur einhuga undir með Reykvíkingum um að ekki skuli hefja stórfellt þorskeldi í Hvalfirði nema að undangengnu umhverfismati.

Stuðningur við hvalveiðar

- fagnar þeirri ákvörðun sjávarútvegsráðherra að heimila atvinnuhvalveiðar á nýjan leik eftir 20 ára hlé.

Samgöngubætur

- skorar á stjórnvöld að klára nú þegar vegagerð á strandsvæðum landsins svo sem milli norður- og suðurfarða Vestfjarða og á norðausturhorninu, að nú þegar verði farið í útboð á Djúpvegi (Mjóifjörður og Ísafjörður) og ennfremur um Arnkötludal, Öxarfjarðarheiði og fl. Málið þolir enga bið.

Strandsiglingar verði teknar upp á ný

- skorar á stjórnvöld að hlutast til um að strandsiglingar verði teknar upp á ný.

NMT farsímakerfið

- skorar á stjórnvöld og rekstaraðila að tryggja áframhaldandi rekstur og tilvist NMT farsímakerfisins þar til sambærileg lausn fæst á fjarskiptamálum skipa og báta, er þar sérstaklega horft til áreiðanleika, langdrægni, öryggis og kostnaðar.

Skipstjórnar- og vélgæsluréttindi verði ekki skert

- mótmælir harðlega skerðingum á réttindamálum bæði hvað varðar skipstjórnar- og vélgæsluréttindi í framkomnum frumvarpsdrögum um mönnun fiskiskipa.

Sett verði upp veðurathugunarstöð á Dyrhólaey eða Reynisfjalli

- ítrekar fyrri ályktanir varðandi uppsetningu veðurathugunarstöðvar á Dyrhólaey eða Reynisfjalli.

Félagsmenn hvattir til að sækja smábátanámskeið Slysavarnaskóla sjómanna

- hvetur félagsmenn sína til að sækja smábátanámskeið Slysavarnaskóla sjómanna þar sem það hefur margoft sýnt sig að sú fræðsla sem menn fá þar er ómetanleg.



Stjórn Landssambands smábátæigenda 2006 - 2007

Arthur Bogason formaður, Reykjavík

Porvaldur Garðarsson varaformaður, Þorlákshöfn

Alexander F. Kristinsson, Hellissandi

Garðar Berg Guðjónsson, Reykjavík

Guðmundur Elíasson, Akranesi

Gunnar Pálmason, Garðabæ

Halldór Ármannsson, Keflavík

Jóel Andersen, Vestmannaeyjum

Kristján Andri Guðjónsson, Ísafirði

Marinó Jónsson, Bakkafirði

Már Ólafsson, Hólmavík

Ólafur Hallgrímsson, Borgarfirði

Pétur Sigurðsson, Árskógssandi

Sverrir Sveinsson, Siglufirði

Tryggvi Ársælsson, Tálknafirði

Unnsteinn Guðmundsson, Hornafirði

Sjö breytingar urðu á stjórn LS

Alexander Kristinsson kom í stað Símonar Sturlusonar Stykkishólmi

Tryggvi Ársælsson kom í stað Hjörleif Guðmundssonar Patreksfirði

Sverrir Sveinsson kom í stað Hilmars Zophaniassonar

Marinó Jónsson kom í stað Guðmundar Lúðvíkssonar Akureyri

Ólafur Hallgrímsson kom í stað Gunnars Hjaltasonar Reyðarfirði

Halldór Ármannsson kom í stað Gunnars Ara Harðarsonar Grindavík

Garðar Berg Guðjónsson kom í stað Þorvaldar Gunnlaugssonar Kópavogi